

## Ályktun stjórnar lækna ráðs Landspítala um nýtt skipurit Landspítala

Nýtt skipurit Landspítala gerir ráð fyrir nýju lagi stjórnenda milli framkvæmdastjóra og yfirlækna/deildarstjóra, svonefndum forstöðumönnum. Nýverið voru birtar auglýsingar um þessi störf. Athygli vekur að einu menntunarkröfurnar eru „háskólapróf auk formlegrar viðbótarmenntunar sem nýtist í starfi“, en engar kröfur eru gerðar um faglega sérþekkingu eða reynslu á viðkomandi sviði.

Stjórn lækna ráðs telur afleitt að ekki séu gerðar skýrari kröfur um fagmenntun og reynslu lykilstjórnenda sem bera eiga faglega ábyrgð á klínísku sviði. Lækna ráð Landspítala telur í þessu ljósi brýnt að hlutverk forstöðumanna verði skoðað nánar. Ekki síst þarf að tryggja að læknisfræðileg ábyrgð muni liggja hjá læknum einum.

Mikilvægt er að yfirlæknar beri áfram faglega ábyrgð á þeirri læknisþjónustu sem undir þá heyrir. Í nýlegum drögum að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 hefur verið fjarlægð sú grein úr lögum sem kveður á um faglega ábyrgð yfirlækna sérgreina/deilda. Að auki verður skv. frumvarpsdrögum ekki lengur skylt að hafa framkvæmdastjóra lækninga og framkvæmdastjóra hjúkrunar við heilbrigðisstofnanir. Þannig er læknisfræðileg ábyrgð á meðferð sjúklunga á heilbrigðisstofnunum óskilgreind í drögum að nýjum heilbrigðislögum.

Samkvæmt fyrrnefndum frumvarpsdrögum verða bæði lækna ráð og hjúkrunarráð lögð niður en í stað þeirra skal koma þverfaglegt fagrað skipað fulltrúum allra fagstétta. Lækna ráð Landspítala telur að slíkt fagrað muni aldrei hafa sama faglega vægi hvað varðar læknisþjónustu spítalans og lækna ráð hefur haft hingað til.

Stjórn lækna ráðs mótmælir harðlega því að ekki sé sérstaklega gert ráð fyrir lækna ráði eða hjúkrunarráði í nýju skipuriti Landspítala sem samþykkt var af heilbrigðisráðherra þó gildandi lög segi til um annað.